

Fundargerð 68. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga og fulltrúa sveitarfélaganna á norðanverðu Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum.

Dagsetning: mánudagur 25. nóvember kl. 16:00 2014 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Viðstaddir:

Jón Eggert Bragason, Björg Ágústsdóttir (formaður), Sigríður Finsen, Sigrún Ólafsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ, Þorsteinn Steinsson bæjarstjóri í Grundarfirði, Hafdís Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar í Stykkishólmi, Eyþór Garðarsson forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Á fundinum í síma: Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar, Sturla Böðvarsson bæjarstjóri í Stykkishólmi, Indriði Indriðason oddviti Tálknafirði og Helga Guðmundsdóttir skólanefnd.

Fundinn boðaði skólanefnd bæjarstjórnarfólki til upplýsingar.


1. Fjárlagafrumvarp 2015 og áhrif þess á Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Jón Eggert Bragason upplýsti fundarmenn um stöðu FSN. Fjárveiting til FSN á milli árána 2014 – 2015 lækkar töluvert. Ný rekstraráætlun fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir skerðingu á launalið um 10 milljónir, eða um það bil tvær kennarastöður. Ekki lítur út fyrir að skólameistari þurfi að grípa til uppsagna, en skera þarf niður alla yfirvinnu. Fjárveiting 2015 gerir ráð fyrir 151 ársnemendum, en á árinu 2014 voru þeir 185. Fyrsti forgangshópur eru núverandi nemendur skólans, óháð aldri. Annar forgangshópur eru nemendur starfsbrautar og þriðji forgangshópur eru nýútskrifaðir nemendur úr grunnskólum. Þjónusta við nemendur í fjar- og dreifnámi er á undanhaldi. Hætt er við að nýting í þeim áföngum sem þarf að kenna hrapí og afleiðingar til lengri tíma verði þær að ekki er hægt að kenna einhverja áfanga. Nemendur munu til lengri tíma litið ekki endilega getað klárað sitt stúdentspróf við FSN. Skerðing námsframboðs og fækkun áfanga getur leitt til þess að stofnunin endi sem annars flokks menntastofnun.

Framhaldsdeildin á Patreksfirði: Nemendur í dagskóla á Patreksfirði eru ekki skráðir sem dreifnemendur heldur eru þeir skráðir dagskólanemendur.

2. Hvað er til ráða?

Skólanefnd og fulltrúar sveitarfélaganna þurfa að stilla saman strengi. Hvað afstöðu á að taka? Verður Fjölbrautaskóli Snæfellinga ef til vill þvingaður til sameiningar? Er lausn að vinna með ráðuneytinu og koma þannig óskum okkar á framfæri? Eru einhverjir skólar líklegri til samstarfs/sameiningar? Það eru veruleg samlegðaráhrif með samstarfi MB og FSN. Samstarf þessara skóla



gæti styrkt faglegt starf skólanna beggja með því að samnýta réttindakennara. En sífellt erfiðara er að manna hlutastöður með réttindakennara. Samstarf við MÍ þyrfti þá líka skoða skv. Indriða.

Það þarf að taka saman upplýsingar um skólann og stöðu hans fyrir aðra umræðu fjárlagafrumvarps, sem er á þriðjudaginn næsta, 2. desember.

- Niðurskurður ársnemenda úr 185 í 151. Niðurskurður upp á **18,4%**. Við viljum halda 185 ársnemendum!
- Menntunarstig er ennþá lægra á Vesturlandi og Vestfjörðum. Lífskjararannsókn Vífils Karlssonar.
- Stækkandi byggð á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Menntunarstig á Vestfjörðum er lægra en á landinu öllu.
- Nemendafjöldi í framhaldsdeildinni haustið 2007 var **18** en er **38** á haustönn 2014.
- Samningur var um framhaldsdeildina á Patreksfirði 2007-2011. Síðan þá hefur ekki verið vilji ráðuneytisins til að endurnýja hann. Fjárframlög til deildarinnar eru háð fjárlögum á hverju ári .
- Það þarf að hafa í huga að niðurskurður í minni skólum leiðir til rýrnunar námsframboðs.

Það er ákveðið að óska eftir neyðarfundi fyrir sunnan með þingmönnum kjördæmisins. Þingmenn kjördæmisins eru okkar fulltrúar. Það er ekki hægt að sætta sig við það að þessar „aflaheimildir“ (nemendaígildi) verði skornar niður.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna og skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga munu mæta á þennan fund. Björg Ágústsdóttir mun hafa samband við Gunnar Braga, 1. þingmann kjördæmisins sem mun boða fundinn.

Fundi slitið kl. 17:30.